



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Skrifstofa Garðabæjar
Gunnar Einarsson
Garðatorg 7
210Garðabær

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	09.12.2015
Málalýkill	
Mál nr.	1512122

Reykjavík, 4. desember 2015
Tilv.: 1305018

Óskað sjónarmiða við frummatsskýrslu um eldsneytismarkaðinn.

Samkeppniseftirlitið birti 30. nóvember sl. skýrslu nr. 2/2015, *Markaðsrannsókn á eldsneytismarkaði - Frummatsskýrsla*. Skýrslan hefur að geyma frumniðurstöður úr markaðsrannsókn á eldsneytismarkaðnum. Fjallað er með ítarlegum hætti um aðstæður og háttsemi á markaðnum sem taldar eru hindra samkeppni, almenningi og samfélaginu til tjóns. Jafnframt er fjallað um hvaða aðgerðir koma til greina til þess að ryðja þessum samkeppnishindrunum úr vegi.

Frummatsskýrslan er liður í markaðsrannsókn, sem felur í sér athugun á því hvort grípa þurfi til aðgerða gegn aðstæðum eða háttsemi sem raska samkeppni almenningi til tjóns. Er þetta gert á grundvelli lagaheimildar sem tekin var upp í samkeppnislög árið 2011, c-liður 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga nr. 44/2015), og gerir Samkeppniseftirlitinu kleift að grípa til hvers konar aðgerða til að bregðast við aðstæðum eða háttsemi sem koma í veg fyrir, takmarka eða hafa skaðleg áhrif á samkeppni almenningi til tjóns.

Með birtingu skýrslunnar er kallað eftir sjónarmiðum og athugasemdum við það frummat sem í henni birtist. Þannig óskar eftirlitið eftir sjónarmiðum þeirra fyrirtækja sem starfa á eldsneytismarkaðnum, viðskiptavinum þeirra, neytendum og stjórnvöldum. Rökstudd sjónarmið þessara aðila stuðla að því að markaðsrannsóknin skili tilætluðum árangri þannig að ljóst verði hvort og þá til hvers konar ráðstafana þurfi að grípa í því skyni að samkeppni á markaðnum verði virk og bæti með því hag bæði neytenda og atvinnulífsins í heild.

Í kjölfar þess að sjónarmið berast Samkeppniseftirlitinu mun eftirlitið halda opinn fund, í samræmi við 8. gr. reglna nr. 490/2013, um markaðsrannsóknir Samkeppniseftirlitsins, þar sem skýrslan og sjónarmið hagsmunaaðila og annarra verða rædd. Í framhaldinu tekur Samkeppniseftirlitið ákvörðun um hvort gera þurfi breytingar á því frummati sem birtist í skýrslunni. Jafnframt verður tekin ákvörðun um hvort nauðsynlegt sé að grípa til íhlutunar.



Yður er hér með gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum og athugasemdum við skýrsluna og efni hennar. Frestur til þess að skila rökstuddum sjónarmiðum og athugasemdum er til **föstudagsins 19. febrúar 2016**.

Gert er ráð fyrir að framkomin sjónarmið verði birt á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins. Því er mikilvægt að þeir sem senda inn sjónarmið auðkenni hvaða upplýsingar í þeim eru háðar trúnaði að þeirra mati.

Frummatsskýrslan er meðfylgjandi. Skýrslan er einnig aðgengileg á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins. Þar er enn fremur að finna viðauka við skýrsluna og annað efni um markaðsrannsóknina.

Slóðin er: <http://www.samkeppni.is/samkeppnisreglur/markadsrannsokn/>.

Páll Gunnar Pálsson

Virðingarfyllst,

Valur Bráinsson